



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2018-19
Starfsáætlun 2019-2020

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er Dignitas ehf. Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að; leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast bara kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir og að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggio-skóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia. Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

Góðan almennan þroska og tilfinningalega færni

Hæfni í samskiptum og skapandi færni

Sterka sjálfsvitund og sjálfsaga

Frjálssa og frjóa hugsun.

Við teljum að ofan talin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2019

Árgangur 2013, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Hugur - hönd og hjarta – leiðarljós í starfi	7
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	12
Regnboginn leikskóli	14
Stutt greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2018-2019	14
Stutt greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2018-2019.....	17
Stutt greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2018-2019.....	20
Innra mat og matsáætlun	24
Matsáætlun/umbætur.....	26
Ytra mat leikskólans	27
Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2019-2020.....	29
Aðrar upplýsingar	31
Barnahópurinn:	31
Foreldrasamvinna:	31
Samstarf leik- og grunnskóla:.....	31
Samstarf við Tónskóla Sigursveins:.....	32
Tónlistar- og dansnámskeið	32
Víkingar – sumardeild 6 ára barnanna:	33
Skipulagsdagar og sýmenntun.....	33
Fylgiskjöl:	36
Umsögn foreldraráðs.....	36
Samstarf við Ártúnsskóla 2018-19	36
Leikskóladagatal	36
Samantekt um sérkennslu og stuðning.....	36

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesþroski - Skapandi starf
Þrjár megin stöðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Við leggjum áherslu á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Við leggjum áherslu á ramma og reglur sem höfða til skynsemi svo þau öðlist innri aga. Við leggjum áherslu á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við viljum vera til staðar og hjálpa barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áráði og gleði. Í daglegu starfi leggjum við því rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfstjórn barnsins, innri aga og ró.



2) Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu). Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með yngstu börnin uppí þau elstu. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



3) Skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema.



Hugur - hönd og hjarta - leiðarljós í starfi

4.1 Málþroski, læsi og lesskilningur

Í Regnboganum er læsi fléttað inn í allt starf skólans og litið á mál- og lesþroska sem samtvinnuð ferli. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins. Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun, tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða og hæfni til að tjá sig. Dr. Noam Chomsky sagði m.a. á fyrirlestri sem hann hélt í HÍ fyrir nokkrum árum að það ætti að lesa með börnum eins fljótt og hægt væri eða strax á fyrstu mánuðum þess og það ætti að lesa a.m.k. 6 x á dag fyrir ung börn.



Í Regnboganum reynum við að standa vörð um mál- og lesþroskann og byrjum við strax meðvitað á yngstu deildinni að vinna við að kynna börnum bækur, að lesa fyrir þau og með þeim og efla tjáningu þeirra með ýmsu móti. Við höldum þeirri vinnu svo áfram á öllum deildum leikskólans. Við vitum að grunnurinn að því sem á eftir kemur er lagður í upphafi og við viljum að við útskrift úr Regnboganum verði börnin hæfileikarík, með sterka sjálfsmynd og trú á eigin getur og tilbúin að hefja nám í grunnskólanu. Kennarar og starfsfólk á öllum deildum stuðla að framgangi mál- og lesþroska barnanna. Við gerum m.a. ritmálið sýnilegt á öllum deildum þannig að börnin sjái orð og stafi og geti smám saman áttað sig á að þeir eru tákn í flóknu ferli hljóða og tákna. Börnin leika sér t.d. að því að hljóða stafinn sinn og síðar stafinn hennar mömmu, hans pabba, afa og ömmu, dýranna, vina sinna o.s.frv. Smám saman ná börn færni með hljóðin og að skilja að hver stafur er tákn um máhljóð. Hljóð sem hægt er að leika með og tengja saman í orð og hugtök. Samræður, sögur, söngur og söngtexti veita barni góða þjálfun í að æfa málið og nota það.



Allt stuðlar þetta svo að heilbrigðri hljóðkerfisvitund barnanna og byggir undirstöður fyrir mál þeirra og lesþroska. Allt er þetta gert í gegnum leik, söng, lestur og samræður í daglegu starfi og allir þessir þættir eru mikilvægir fyrir þróun hljóðkerfisvitundar og í þróun máls- og lesþroska barnanna.

4.2 Verk-, tækni- og listnám

Nám í Regnbogunum fer fyrst og fremst fram í gegnum leik, í skapandi- og rannsakandi vinnu barnanna. Við lítum svo á að hvert barn sé einstakt, með fjölbætta og mikilhæfa eiginleika. Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og góða verkhæfileika þarf að skapa þeim frjótt, vel skipulagt og barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á eðli hluta og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í **máli, leik,**



tónlist, leiklist og myndið. Verk-, tækni- og listnám flettast inní allt skapandi starf og lögð áhersla á að börnin hafi alltaf nægan skapandi efnivið til tilrauna og sjálfsprottinnar tjáningar. Börnin moka skurði og gera stíflur, sá fræjum og mæla vöxt plantna o.s.fr. Nefna má varðandi tæki og tækni, að allar deildir hafa yfir að ráða bæði fartölvum, spjaldtölvum, skönnum, stækkunarglerjum og víðsjám sem börnin venjast á að nota

og umgangast rétt eins og bækur og önnur þjálfunargögn.

4.3 Stærðfræðilegt læsi

Við viljum styðja við og efla stærðfræðilegt læsi barna í gegnum leik. Það gerum við m.a. með því að vekja athygli barnanna á fjölda, stærð og formi í umhverfinu s.s. á fjölda (1, 2, 3, 4 og 5 steinar), stærð (lítill, stór, stærri,



minni o.s.fr.), lögun (s.s. stuttur, langur o.s.fr.) magnhugtök (s.s. fáir, margir, meira og minna o.s.fr.), eðli hluta (s.s. léttur og þungur o.fl.). Börnin læra um helstu formin og reyna að finna þau í umhverfinu s.s. ferhyrning, þríhyrning og hring. Allir kubbaleikir eru afar mikilvægir fyrir börnin til að skilja form, einingar og heild. Þá æfa börnin sig í að telja og skilja hvað stendur á bak við fjölda (talnaskilningur), læra að flokka, para saman og sundurgreina. Eldri börnin æfa

sig í að gera súlurit (3 eru í gulum peysum, 2 í rauðum, 5 í bláum o.s.fr.), æfa burðarþol og ýmsa verkfræðilega hugsun í leik. Markmiðið er að vekja athygli barnanna á litum, formi og magni allt kringum okkur og börnin útfæra svo á ýmsan máta í leik.



4.4 Læsi á náttúruna og umhverfið

Árstíðarnar hafa áhrif á allt skipulag og nám en okkur þykir mikilvægt að börnin upplifi náttúruna og verði læs á hana. Má þar nefna að þau læri að þekkja margvísleg hugtök um veðrabrigði, lífríki og staðhætti og læri jafnframt bæði að virða og vernda náttúruna. Við gefum umhverfismennt gott rými í daglegu starfi með börnunum. Enda hafa rannsóknir sýnt afturför hugtakaþekkingar barna varðandi umhverfi sitt.

Því er mikilvægt að leggja orð á hugtök og náttúruleg fyrirbæri s.s. snjór á sér mörg hugtök, áttir, heiti á blóma og gróðurs og annarra fyrirbæra í umhverfi okkar og nágrenni



4.6 Heilbrigði og vellíðan

Í Regnboganum er lögð rík áhersla á daglega útiveru allan ársins hring enda er talið að upplifun og skynjun barnanna sé mun sterkari og dýpri úti undir berum himni. Í skipulögðum leikjum bæði inni og úti fá börnin heilbrigða útrás, öðlast færni og samhæfing líkamans eykst og styrkist. Í næringar og matarstefnu skólans er áherslan á einfalt og hollt fæði við hæfi barna. Allur matur er unnin á staðnum úr hreinu og næringarríku hráefni.

4.7 Könnunarleikurinn, „tækninám“ litlu barnanna

Könnunarleikur er ein leikstöðva í stöðvavinnu yngstu barnanna. Mikið uppgötvunarnám og færniþjálfun á sér stað í könnunarleiknum þar sem hugur og hönd læra að vinna saman. Könnunarleikurinn eflir og stuðlar að bæði verkmenningu og tækni þar sem grunnurinn er lagður hjá litlum börnum að því að hugur og hönd vinni saman og myndi góðar tengingar í heila barnanna. Fyrir nokkrum árum var lagður grunnur að könnunarleiknum með námskeiði sem Hildur Skarphéðinsdóttir hélt hér á námskeiðsdegi og hefur könnunarleikurinn æ síðan átt sinn sess í starfinu með yngri börnunum.

Markmiðið verk-, tæki og listnáms er að vekja athygli barnanna á og auka víðsýni varðandi umhverfi, vísindi, stuðla að dýpri stærðfræðilegri hugsun og virðingu fyrir umhverfinu.



4.6 Lýðræði, jafnrétti, fjölmennning og mannréttindi

Frelsi eins nær ekki lengra en að frelsi þess næsta. Nám og umönnun í Regnboganum veita margvísleg skilaboð um lýðræði, jafnrétti og þau mannréttindi að við eigum öll hvert og eitt sama rétt á. Jafnrétti má þó aldrei ganga yfir aðra því að þá er réttur eins orðinn óréttur annars. Okkur þykir mikilvægt að börn skilji þetta og læri bæði að virða sig sjálf og aðra, hvernar þjóðar, trúar eða kynhegðunar sem fjölskyldur barnanna eru. Enda hafa verið og eru hér nú fjölskyldur samkynhneigðra sem gagnkynhneigðra og fólk af ýmsum trúarbrögðum og litarhætti. Við lítum á hvert barn sem einstakt óháð uppruna og kringumstæðum og foreldrar og fjölskyldur barnanna hafa einmitt verið mjög ánægð með það. Við leggjum mikið



uppúr því að börnin læri tillitsemi og mannasiði og erum dálítið „gamaldags“ varðandi allskonar mannasiði. Við leggjum jafnframt áherslu á að börnin séu fær um að sýna samkennd, góðvild og hjálpssemi, en líka að eiga gott með að þiggja það sama frá öðrum. Við segjum að Regnboginn sé vinaleikskóli og er *vinátta* eina þemað sem skipulagt er fyrirfram. Í upphafi hvers skólaárs er vinátta þemað á öllum deildum. Börnin ræða um hugtökin

Vinátta, Hjálpssemi, Jafnrétti og Lýðræði svo dæmi séu tekin og rýna í fyrir hvað þau standa. Við veltum upp hvað við getum betur gert til að öllum líði vel, eigi vini og njóti mannréttinda eins og þau þekkjast best. Þannig stuðlum við saman m.a. að tilfinningalega styðjandi umhverfi sem bæði börn og fullorðnir taka þátt í og móta. Hver dagur hefst með samveru (fundu) þar sem börn og kennarar eiga samræður um hvað dagurinn geti boðið uppá og hvert skal stefnt með fyrirhuggjandi verkefni eða ný. Hvaða stöðvar (stöðvavinna) eru í boði, hverjir halda áfram að þróa þau verkefni sem eru í gangi og hverjir leita nýrra uppgötvana, leikja og ævintýra inni eða úti. Lýðræði, jafnréttindi og mannréttindi er samtvinnað ferli. Lýðræði er fyrir alla óháð stétt, stöðu, kynvitund, litarhætti, tungumáli, trúarbrögðum eða menningu og í því felst sýn okkar til fjölmenningar.





Helstu áherslur í starfi Regnbogans má í stórum dráttum sjá og lesa hér að framan. Námskráin er *fljótandi námskrá* og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrirfram en stundin oftast gripin. Þó erum við með formlegra og verkefnaþað nám að nokkru leyti á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á *Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesþroska og Skapandi starfi*.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf betra.

Gildi leikskólans eru;

Virðing - Gleði - Umhyggja

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska eðlisþætti sína og færni. Okkar er að skapa þeim þær aðstæður.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Leikskólastarf í Regnboganum:

Skólastarfið í Regnboganum byggir m.a. á rannsakandi vinnubrögðum, uppgötvunarnámi og úrvinnslu sem myndar eins konar flæði og tekur yfir lengri eða skemmri tíma hverju sinni. Framvinda uppeldis og menntunar tekur mið af áhuga og virkni barnanna og hvert tilraunir þeirra og uppgötvanir leiða okkur. Námskrá Regnbogans er svo kölluð *fljótandi námskrá* (emergent curriculum) þar sem viðfangsefni/þemu verða til fyrir áhugahvöt barnanna hverju sinni sem er upphaf og endir alls náms. Kennarar og starfslið skapa börnum hvetjandi námsumhverfi til að styðja og virkja áhugahvöt þeirra og nám. Útbúnaður eru vinnustöðvar (stöðvavinna) þar sem boðið er uppá mismunandi efnivið og aðstæður en stöðvarnar eru svo þróaðar áfram bæði inni og úti og taka breytingum eftir því hvert áhugi barnanna leiðir starfið. Það má segja að það sé það dásamlega við stefnuna og starf í anda Reggíó að hið óvænta má gerast. Það er mikil áskorun hvers kennara að styðja nám og uppgötvun barna í þeim kringumstæðum sem skapast, hvetja og efla til rannsókna, fylgja eftir og að gera meira með hugmyndir sínar. Það er ósk okkar að leikskólinn sé lifandi náms- og lærdómssamfélag barna og fullorðinna.



Stöðvavinnan var með sama sniði eins og undanfarin ár þar sem settar eru upp vinnustöðvar eftir samverustundir sem börnin dreifa sér á. Reynt er að fara fjölbreyttar leiðir í að raða börnum á stöðvar. Oftast er góð blanda milli þess að börnin velja sér sjálf stöðvar og kennarar raða á stöðvar. Allt eftir því hvað er verið að vinna með hverju sinni. Deildirnar prufuðu sig áfram með stundir þar sem áherslan var á flæði en þá eru allar stöðvar opnar (ekki lokað á milli rýma o.p.h.) og börnin flæða á milli stöðva óhindrað. Það var misjafnt á milli árganga hvort þessi aðferð hentaði börnunum. Það kom fram í mati barnanna á skólastarfi þegar þau voru spurð „hvað gerir þú í stöðvavinnu“ að sum barnanna áttuðu sig ekki á hugtakinu stöðvavinna. Við þurfum því að gæta þess að nota hugtakið oft í daglegu tali við börnin.



Starfsmannahald Eins og undanfarin ár var leikskólinn vel mannaður á starfsárinu bæði af fagfólki og leiðbeinendum. Eins og alltaf verður ákveðin endurnýjun á haustin þegar

leiðbeinendur sem tekið hafa sér hlé frá námi, í lengri eða skemmri tíma, hefja nám að nýju og ber því að fagna. Þrír starfsmenn voru í leyfi frá störfum á starfsárinu, einn starfsmaður er nú þegar kominn aftur til starfa og von er á hinum tveimur næsta haust/áramót. 2 starfsmenn fluttu erlendis á miðju skólaári en vel gekk að ráða í stöðurnar og var sú deild vel umfram mönnum á meðan þessum umskiptum stóð. Við höfum fengið afar flott fólk til liðs við okkur og gaman að segja frá því að á síðasta skólaári aldrei hafa fleiri karlmenn starfað við skólann á sama tíma. Það er mikilvægt að starfsmannahópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og reynt sé eftir fremsta megni að jafna hlutfall kynjanna í starfi.

Skólastjóri hefur í samvinnu við stjórnunarteymi skólans verið að vinna að því á skólaárinu að fara yfir og endurmeta ýmsa verkferla í húsinu. Markmið með þessari vinnu er m.a. að gera körfur til starfsmanna skýrar og skilmerkilegar, fækka óskrifuðum reglum eins og kostur er og gera móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna markvissari. Unnið var að fjórum þáttum á þessu ári, þeir eru:

Viðverustefna Regnbogans: Heilsa og velferð starfsmanna Regnbogans er mikilvæg og viljum við stuðla að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi. Til að hið mikilvæga starf okkar í leikskólanum gangi vel fyrir sig skiptir máli að líðan starfsfólks og mæting sé góð. Viðverustefna Regnbogans var kynnt til sögunnar á skipulagsdegi þann 6. Apríl 2019. Markmið viðverustefnu skólans er að móta skýra umgjörð um vinnuskyldu starfsmanna er snýr að stundvísi, leyfum, veikindum eða öðrum fjarvistum frá vinnu. Auk þess að móta skýra og ákveðna verkferla í kringum tilkynningar, skráningar og viðbrögð við fjarvistum sem gilda jafnt yfir alla. Allt þetta er afar mikilvægt þar sem unnið er með börn og þeim þarf að sinna og veita umhyggju allar stundir dagsins.

Viðbragðsáætlun ef barn týnist – Á haustmánuðum kom upp atvik þar sem ungt barn í leikskólanum komst út um starfsmannainngang leikskólans og gekk sem leið lá að heimili sínu í sömu götu. Í kjölfarið á þessum atburði voru allir verkferlar og húsnæði skólans tekið rækilega í gegn. Breytingar voru gerðar á húsnæði til að tryggja það að útgönguleiðir í húsinu væri tryggilega lokaðar. Auk þess útbjó skólastjóri viðbragðsáætlun sem starfsmenn fara eftir komi slíkt mál upp aftur.

Ábyrgð og eftirlit í útiveru: útisvæðið er það svæði sem hvað mest af óskrifuðum reglum ríkja sem getur verið óþægilegt, sérstaklega fyrir nýja starfsmenn. Á starfsdegi í apríl var verklag um ábyrgð og eftirlit starfsmanna á útisvæði tekið til endurskoðunar. Í samvinnu við starfsfólk var öllum þeim óskrifuðu reglum sem ríkja á útisvæði bætt á skjalið. Vel gekk að vinna samkvæmt verklaginu og höfum við fengið ófá hrósir frá foreldrum um að starfsmenn séu virkir í útveru og dreifi sér vel um garðinn. Deildarstjórar bera ábyrgð á að kynna ábyrgð og eftirlit í útiveru fyrir nýju starfsfólki.

Móttaka og fræðsla nýrra starfsmanna – Það hefur verið skólastjóra hugleikið að gera móttöku nýrra starfsmanna markvissari þannig að börn, starfsfólk og faglegt starf í húsinu njóti góðs af. Það er mikilvægt að starfsmaður fái góða og markvissa tilsögn í upphafi starfs svo hann nái góðum tókum á áherslum í starfi, vinnubrögðum og reglum í húsinu. Allt sem er talið upp hér að ofan er liður í þessari vinnu sem er enn í gangi.

Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Stutt greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2018-2019

Á Gulu deildinni dvelja að jafnaði 17 börn en á síðasta starfsári voru þau öll fædd 2017 og með þeim eru 1 kennari/ deildarstjóri, 1 sérhæfður leiðbeinandi, 2 leiðbeinendur í fullri stöðu og einn í 20 % stöðu. Við innra mat á starfi var ákveðið að horfa fyrst og síðast á helstu áherslur Regnbogans og hvernig til hefur tekist til við að vinna samkvæmt þeim áherslum á skólaárinu.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Viðmið um gæði:

- *Gildi leikskólans, Gleði – Virðing - Umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk.*
- *Vel má sjá gildin okkar í starfi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)*
- *Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun?*
- *Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).*
- *Sjá má og finna nærgætni og öryggi starfsfólks í starfinu með börnum deildarinnar.*
- *Lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.*
- *Er ríkjandi gleði á deildinni okkar.*
- *Þess er gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.*
- *Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna Vinapema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Við hefjum nýtt starfsár ávallt á vinaþema. Áherslan á vináttuna hefur verið í september en hugmyndin er að innleiða Vinaverkefni Barnaheilla á nýju starfsári sem gerir okkur kleift að vinna markvissara með vináttuna yfir allt skólaárið. Okkur þykir það námsefni hæfa vel gildum og vinnu í Regnboganum og langar okkur að vinna enn meira að vináttu og félagsfærni barnanna.



Í haust var sett af stað hrósvika innan skólans þar sem starfsfólk var hvatt til að nota lýsandi hrós við starfsfélaga og börn. Almenn ánægja var meðal starfsfólks með þetta framtak og stefnt er að því að endurtaka leikinn á nýju skólaári. Starfsfólkið á Gulu deildinni var duglegt í að hrósa börnunum en hrósvikan eflði okkur og gerði okkur meðvitaðri í að nota lýsandi hrós við börnin og líka í að hrósa okkar (starfsfólksins) á milli.

Starfsfólkið hefur verið samhent í því að leiðbeina börnunum á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með því að segja þeim og sýna hvað er vænlegt að gera í ýmsum aðstæðum sem leikskólalífið hefur upp á að bjóða og setjum orð á þær tilfinningar sem þau gætu verið að upplifa. Þannig sköpum við þeim tækifæri til að efla félagsfærni sína. Þegar líða fór á veturinn lásu við Tilfinninga Blæ til að leggja inn orð yfir tilfinningar sem börnin geta verið að upplifa og hvernig við getum brugðist við þeim. Í húsinu eru til tilfinningabrúður sem væri sterkur leikur að grípa til næsta vetur með efninu um Blæ.

Reglulega eru haldnir deildarfundir sem eru mikilvægir fyrir daglegt starf og skila betri einingu og samkennd innan starfsmannahópsins sem aftur skilar sér til barnanna.

Mál og læsi

Viðmið um gæði:

- Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.
- Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. 2 x á dag einu sinni á dag
- gott er að lesa 4-6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur fyrir yngri börnin og fá barnið til að segja orðið/heitið. Nota öll tækifæri sem bjóðast til að setjast með barn í fang og lesa fyrir litlu börnin.
- Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaplakötum o.m.fl.
- Börnunum er kennt að handfalla bækur, skoða þær fallega og ganga vel um þær.
- Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.
- Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og söngur flæðir um starfið.
- Niðurstöður úr Hljóm-II (á Grænu)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Í Regnboganum er lögð rík áhersla á læsi í sinni víðustu mynd og við byrjum strax á Gulu deildinni. Við setjum orð á daglegar athafnir og á hluti í umhverfinu. Ritmálið er að einhverju leyti sýnilegt í umhverfinu en við getum gert betur, t.d. haft nöfn barnanna sýnilegri og sett upp meira af myndaskráningum. Bókakosturinn er góður og börnin hafa aðgang að bókunum til að setjast niður í rólegheitum og fletta sjálf eða með starfsfólki. Við syngjum mikið og förum með þulur. Í endurmati kom fram að tölustafir eru lítt sýnilegir inni á deildum og við viljum bæta úr því. Við teljum mikið á fingrum okkar, við lestur bóka, í lögum og við ýmsar aðstæður. En til að gera læsi á tölustafi betri skil þá vantar okkur meiri sýnileika á tölustafina.

Í samverustundum vinnum við með ýmsan málörvunarefnið en í vetur voru *Mimi* bækurnar vinsælar. Einföld hreyfitákn eru sýnd til stuðnings töluðu máli og henta þær því vel ungum börnum og börnum með fleiri en eitt tungumál. Í samverustundum var einnig markvisst unnið með námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Börnin fara í litlum, 4-5 barna hópum í *Lubbastund*. Þar eru máhljóðin, ásamt táknum fyrir hvert hljóð, lögð inn í tileinkunar röð barnanna. Eitt máhljóð á viku er lagt inn. Það þykir geysi vinsælt að fá að knúsa og klappa hundabréðunni Lubba og hlusta á lögin. Í söngstundum höldum við svo áfram að syngja lögin sem fylgja máhljóðunum.

Í lok mars settum við af stað verkefni sem fékk nafnið *Lestrarsprettur með Lubba*. Verkefninu var ætlað að gera mál- og læsi enn hærra undir höfði og sýnilegri og bjóða börnum og foreldrum með okkur í lestrarsprett. Spretturinn stóð yfir í 2 vikur. Börnin fengu heim með sér blað með málbeinum, á beinin skrifuðu foreldrar eða börnin nafnið sitt og heiti bókar. Börnin komu síðan með beinin í leikskólann og hengdu upp hjá Lubba á sinni deild. Starfsmenn gerðu einnig málbein yfir þær bækur sem lesnar voru á leikskólanum. Börnin voru áhugasöm og spennt að færa Lubba málbein og það safnaðist í dagott fjall. Virkilega vel heppnað og skemmtilegt lestrarátak sem við munum án efa endurtaka.

Við gerum útiverunni hátt undir höfði og notum orð yfir það sem við sjáum í okkar nærumhverfi. Þau fá góða hreyfingu, góða æfingu í að þróa t.d. upp í rennibrautina og æfa jafnvægi á misjöfnu undirlagi. Börnin læra á útisvæði leikskólans og með vorinu, þegar þau eru orðin aðeins eldri, fara starfsmenn með börnin í stutta göngutúra um nánasta umhverfi leikskólans. Mörg eru að upplifa snjóinn í fyrsta skipti, þau sula í pollum og við fylgjumst með lífríkinu hér í kring. Við gefum litlu fuglunum að borða og sjáum þá út um gluggana í matsalnum borða matinn sinn. Á deildinni okkar sjáum við blómin og trén lifna við og dafna á vorin og sumrin þegar við erum úti og í gegn um stóra glugga á deildinni. Við fylgjumst líka með skordýrunum og köngulónum fara á kreik. Allt er þetta spennandi fyrir litla kroppa að fylgjast með.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Viðmið um gæði:

- Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, inni við jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.
- Börnunum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.
- Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.
- Listsköpun er á forsendum barnanna.
- Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.
- Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.
- Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Mikið skapandi starf á sér stað á Gulu deildinni í gegnum stöðvavinnu og frjálsan leik. Í gegnum starfið kynnast börnin fjölbreyttum efnivið sem örvar skynfærin og hugmyndaflug. Við vinnum í stöðvavinnu í litlum, 4-5 barna hópum. Við sköpum þeim tækifæri til að læra og uppgötva í umhverfinu. Margt eru þau að upplifa í fyrsta sinn.

Í kubbastöð hafa börnin aðgang að ólíkum kubbum þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín við að raða, flokka, stafla o.s.frv. Eftir því sem leið á veturinn jókst áhuginn æ meir á kubbavinnunni.

Könnunarleikurinn skipar stóran sess í starfinu. Hver hópur fer einu sinni í viku í könnunarleikinn í innra herbergi. Þar fá þau tækifæri til að uppgötva og kanna fjölbreyttan, opinn efnivið á eigin forsendum. Starfsmaður hefur raðað efniviðnum snyrtilega upp svo aðkoman fyrir börnin er falleg og grípandi. Það þykir alltaf eftirsóknarvert að fara í innra herbergi í könnunarleikinn. Þar skapast ró og næði svo börnin njóta þess að rannsaka upp á eigin spýtur.

Í desember og janúar hvíldum við könnunarleikinn og unnum þá með ljósastöð þar sem unnið er með ljós og skugga. Við notum myndvarpa til að varpa upp ólíkum efnivið á vegg, við klemmum ljós á hillur og börnin fá að handfjatla vasaljós.

Listastöðin á einnig sinn fasta stað í starfinu á Gulu deildinni. Þar fá börnin tækifæri til að vinna með ólíkan efnivið, mála, lita, líma og stimpla. Við veljum okkur lag eða þulu og samþættum við listastöðina. Í vetur sungum við mikið um krumma, fengum krummabréðu í heimsókn og fylgdumst með krumma í útiveru. Út frá þessari kveikju unnum við krummamynd. Börnin fengu að handfjatla leir og leika með hann að vild en við megum vera töluvert duglegri við að bjóða þeim að leira.

Auk stöðvavinnu er frjálsi leikurinn mikilvægur þar sem yngstu börnin læra í gegnum leikinn. Við pinnum, perlum og blöndum saman fjölbreyttum efnivið sem hægt er að leika með á ýmsan hátt eftir því sem hugarheimur barnanna leyfir.

Við á Gulu deildinni förum að öllu jöfnu út tvisvar sinnum á dag. Þegar fyrsti snjórinn kom sóttum við snjó inn á deild svo þau börn sem ekki fóru út þann daginn fengu að snerta og jafnvel smakka á honum. Á sumrin eykst útivera og færast þá stöðvavinna oft út í garð, þá eru settar upp stöðvar í garðinum þar sem allar deildar sameinast í stöðvavinnu, sem dæmi má nefna tásustöð á hólnum, listastöð, sápukúlustöð, heimiliskrókur, kubbastöð, gönguferðir landvarða um nágrennið og margt fleira.

Umbótaáætlun fyrir leikskólann í heild er að finn á bls. 28

Björg Þorvarðardóttir

deildastjóri á Gulu

Stutt greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2018-2019

Á Rauðu deildinni dvelja að jafnaði 28 börn. Á skólaárinu 2018-19 voru 11 börn fædd 2015 og 17 fædd 2016. Með þeim voru 5 starfsmenn í heilum stöðum og einn starfsmaður í 50% stöðu, þar af 2 kennarar og 2 háskólamenntaðir. Við innra mat á starfi var ákveðið að horfa fyrst og síðast á helstu áherslur Regnbogans og hvernig til hefur tekist til við að vinna samkvæmt þeim áherslum á skólaárinu.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Viðmið um gæði:

- *Gildi leikskólans, Gleði – Virðing - Umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk.*
- *Vel má sjá gildin okkar í starfi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)*
- *Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun?*
- *Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).*
- *Sjá má og finna nærgætni og öryggi starfsfólks í starfinu með börnum deildarinnar.*
- *Lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.*
- *Er ríkjandi gleði á deildinni okkar.*
- *Þess er gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.*
- *Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna m.a. vinaþema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Við hefjum nýtt starfsár ávallt á vinaþema. Áherslan á vináttuna hefur verið í september en hugmyndin er að innleiða Vinaverkefni Barnaheilla á nýju starfsári sem gerir okkur kleift að vinna markvissara með vináttuna yfir allt skólaárið. Okkur þykir það námsefni hæfa vel gildum og vinnu í Regnboganum og langar okkur að vinna enn meira að vináttu og félagfærni barnanna.

Í haust var sett af stað hrósvika innan skólans þar sem starfsfólk var hvatt til að nota lýsandi hrós við starfsfélaga og börn. Almenn ánægja var meðal starfsfólks með þetta framtak og stefnt er að því að endurtaka leikinn á nýju skólaári. Starfsfólkið á Rauðu deildinni var duglegt að hrósa börnunum en hrósvikan eflði okkur í að nota lýsandi hrós og líka í að hrósa okkar (starfsfólksins) á milli.

Starfsfólkið hefur verið samhent í því að leiðbeina börnum á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með því að segja þeim og sýna hvað er vænlegt að gera í ýmsum aðstæðum sem þau komast í. Þegar líða fór á veturinn lásu við bókina Tilfinninga Blæ til að leggja inn orð yfir tilfinningar sem börnin geta verið að upplifa og hvernig við getum brugðist við þeim. Í húsinu eru til tilfinningabréður sem við nýttum okkur inn á deild. Í starfinu grípum við tækifæri sem okkur gefast og setjum orð á þær tilfinningar sem börnin upplifa í hinum ýmsu aðstæðum og hjálpum börnunum að leysa þau vandamál sem upp koma og læra betur á tilfinningar sínar.



Mál og læsi

Viðmið um gæði:

- Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.
- Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. 2 x á dag einu sinni á dag
- gott er að lesa 4- 6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur fyrir yngri börnin og fá barnið til að segja orðið/heitið. Nota öll tækifæri sem bjóðast til að setjast með barn í fang og lesa fyrir litlu börnin.
- Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaplakötum o.m.fl.
- Börnunum er kennt að handfjalla bækur, skoða þær fallega og ganga vel um þær.
- Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.
- Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og söngur flæðir um starfið.
- Niðurstöður úr Hljóm-2 (á Grænu)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Mál og læsi fléttast inn í allt daglegt starf á Rauðu deildinni. Í samverustundum notum við fjölbreyttan efnivið til málörvunar. Við tölum um veðrið og hvernig við klæðum okkur í samræmi við það. Æfum okkur að ríma og förum í ýmsa málörvunarleiki, spyrjum spurninga, veltum fyrir okkur notkun hluta, æfum okkur að fylgja einföldum fyrirmælum og æfum andstæðu- og afstöðuhugtök svo eitthvað sé nefnt.

Í samverustundum var einnig markvisst unnið með *Lubbi finnur málbein*. Þar eru máhljóðin, ásamt táknum fyrir hvert hljóð, lögð inn í tileinkunar röð barnanna. Fyrir eldri hóp lesum við líka sögu sem fylgir hverju máhljóði og eitt máhljóð er lagt inn í hverri viku. Það er mjög vinsælt að fá að knúsa og klappa hundabrudunni Lubba og hlusta á lög.

Á miðvikudögum vorum við með Lubbasöngstundir. Söngstundirnar eru skipulagðar á fjölbreyttan hátt, þar sem börnin til dæmis: velja lög sjálf eða draga úr krukku o.fl.



Eins og nefnt var hér að ofan fór verkefnið *Lestrarsprettur með Lubba* fram í marslok og var gaman að sjá að bæði börn, foreldrar og starfsfólk voru áhugasöm um verkefnið og safnaðist í dagott málbeinafjall á Rauðu deildinni. Við hlökkum til að endurtaka leikinn á næsta skólaári.

Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni með ýmsum hætti, dóta hirslur eru merktar, nöfn barnanna eru sýnileg, Lubbaplakat hangir uppi og margt fleira. Í endurmati kom fram að tölustafir eru lítt sýnilegir inni á deildum og við viljum bæta úr því. Á næsta skólaári ætlum að hengja upp öll Lubba spjöld strax í byrjun skólaárs þar sem börnin hafa sýnt þeim mikinn áhuga.

Bókakosturinn er góður og börnin hafa aðgang að bókunum til að setjast niður í rólegheitum og fletta sjálf eða með starfsfólki. Við höfum eina skipulagða lestrastund á dag í 9-10 barna hópum en lesum með þeim oft á dag þess á milli. Við syngjum mikið og förum með þulur í skipulögum söngstundum 2x á dag.

Í Regnboganum er lögð mikil áhersla á að náttúrulæsi. Við á Rauðu deildinni setjum fram hugtök tengt því eins og árstíðirnar, veður, blóm, tré og fuglar. Við lærum, nýtum og styrkjum orðaforða um náttúruna í göngutúrum um umhverfi leikskólans.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Viðmið um gæði:

- Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, inni við jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.
- Börnunum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.
- Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.
- Listsköpun er á forsendum barnanna.
- Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.
- Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.
- Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Á Rauðu deildinni förum við í stöðvavinnu þrjá morgna í viku þar sem börnin vinna á fjölbreyttum stöðvum í litlum hópum, 4-5 börn saman. Á stöðvum er m.a. unnið með kubba, spil, könnunarleik, leir og hlutverkaleik með dúkkur, mat, búninga, ljós og skugga o.m.fl.)

Á listastöð bjóðum við upp á fjölbreytt verkefni og efnivið sem börnin velja sjálf úr og skapa sín verk þannig að hvert og eitt listaverk er einstakt. Börnin kynnast ýmsum aðferðum og efnivið í gegnum listsköpun, þau klippa, líma, teikna og mála með ýmsum aðferðum s.s. penslum, fingrum, tám, stráum, bílum o.m.fl.

Í haust kviknaði áhugi barnanna á köngulóm. Við gripum þann áhuga og unnum með hann á ýmsan hátt. Við lærðum vísu um köngulær, lásam bækur um þær og börnin leituðu að köngulóarvef úti í náttúrunni. Afrakstur áhugans endurspegladist svo í vinnu barnanna á listastöð, þar sem þau teiknuðu og sköpuðu sína eigin könguló úr kaffihylkjum, garni og gæru. Einni var unnið með áhuga barnanna á húsdýrum sem smitaðist yfir á listastöðina þannig að hvert barn valdi húsdýr og bjó til skúlptúr af því.

Frjálsa leiknum er gefið mikið rými á deildinni þar sem börnin velja úr þeim efnivið sem er í boði og höfðar til þeirra áhuga. Í vetur hafa börnin verið sérstaklega áhugasöm um kubba af ýmsu tagi eins og einingakubba, kaplakubba, litaða trékubba, seglakubba og pinnakubba. Áhugi barnanna kallar á að blanda öðrum efnivið við leikinn t.d. dýr, kalla, bíla, efnisbúta o.fl.

Á sumrin eykst útivera og færast þá stöðvavinna oft út í garð, þá eru settar upp stöðvar í garðinum þar sem allar deildar sameinast í stöðvavinnu, sem dæmi má nefna tásustöð á hólnum, listastöð, sápukúlustöð, heimiliskrókur, kubbastöð og fleira.



Umbótaáætlun fyrir leikskólann í heild er að finn á bls. 28

Katarzyna Niznik

deildastjóri á Rauðu

Stutt greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2018-2019

Á Grænu deildinni voru 29 börn en á síðasta starfsári voru þar þrjú árgangar, 12 börn fædd 2013, 12 börn fædd 2014 og 5 börn fædd 2015. Með þeim voru sex starfsmenn, 2 kennarar, sálfræðingur og 4 leiðbeinendur. Þar af heil staða vegna stuðnings. Tveir skiptu með sér deildastjórástöðunni í vetur og var annar þeirra í 50% stöðu sem sérkennslustjóri.

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Viðmið um gæði:

- *Gildin leikskólans virðing, gleði og umhyggja eru ríkjandi í samskiptum við börn, foreldra og starfsfólk. Vel má sjá gildin í starfsemi deildarinnar (starfsfólk horfi inná við-hvað geri ég?)*
- *Starfsfólk setur mörk af virðingu, umhyggju og yfirvegun*
- *Starfsfólk er til staðar fyrir barnið og hjálpa því að skilja tilfinningar sínar (reiði, sorg, sársauka, ánægju og gleði).*
- *Sjá má og finna umhyggju og virðingu starfsfólks fyrir börnum deildarinnar.*
- *Lögð er áhersla á hvatningu og hrós fyrir verk, athöfn og framtak.*
- *Gleði og léttleiki er ríkjandi á deildinni (sbr.gildin okkar).*
- *Þess er gætt að hafna aldrei barni á nokkurn hátt þó ástæða sé til að hafna atferli.*
- *Ríkir eindrægni og virðing í starfsmannahópi deildarinnar (ræða það á deildarfundum eins og annað sem mikilvægt er)*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

(Muna m.a. vinaþema, valdaga, litadaga, hrósviku, að vernda- og njóta náttúrunnar, að vera landvörður o.fl.)

Við hefjum nýtt starfsár ávallt á *vinaþema*. Áherslan á vináttuna hefur verið á haustin til að tengja börnin fallega saman og leggja grunn að farsælu skólaári og vellíðan barnanna. Hugmyndin er að innleiða *Vinaverkefni Barnaheilla* á nýju starfsári sem gerir okkur kleift að vinna enn markvissara með vináttuna yfir allt skólaárið. Okkur þykir það námsefni hæfa vel gildum og vinnu í Regnboganum og langar okkur að vinna enn meira að vináttu og félagfærni barnanna.

Lagt er upp með að efla sjálfstæði og samvinnu barnanna með því að styðja þau í að leysa sjálf úr deilum og vandamálum sem koma upp og kenna þeim að leita sér aðstoðar bæði meðal vina og kennara. Rætt er um tilfinningar, hvernig okkur líður í mismunandi aðstæðum og hvernig við bregðumst mismunandi við tilfinningum okkar eins og t.d. gleði, reiði, sorg eða kvíða.

Á Grænu deildinni er lögð áhersla á að skapa ró og gott rými fyrir leik. Það er gert með því að nýta vel öll svæði á deild og helmingur barnanna er í útiveru á meðan hin eru í starfi inni. Starfsmenn skipta sér á svæði með börnunum og rætt var í endurmati að auka enn frekar þátttöku starfsmanna í leik barnanna bæði úti og inni.

Í haust var sett af stað hrósvika innan skólans þar sem starfsfólk var hvatt til að nota lýsandi hrós við starfsfélaga og börn. Almenn ánægja var meðal starfsfólks með þetta framtak og stefnt er að því að endurtaka leikinn á nýju skólaári. Starfsfólkið á Grænu deildinni var duglegt í að hrósa börnunum en hrósvikan eflði okkur í að nota lýsandi hrós og líka í að hrósa okkar (starfsfólksins) á milli. Starfsfólkið hefur verið samhent í því að leiðbeina börnum á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með því að segja þeim og sýna hvað er vænlegt að gera í ýmsum aðstæðum sem þau komast í.



Mál og læsi

Viðmið um gæði:

- Starfsfólk er duglegt að setja orð á athafnir og hluti í daglegu lífi barnanna, eiga samræður og vekja til umhugsunar um lífið og tilveruna.
- Markvissar lestrarstundir eru a.m.k. einu sinni á dag – lesa skal allt að 6 x á dag stuttar bækur m.a. bendibækur og fá barnið til að segja orðið/heitið. Kenna börnunum að handfjalla bækur, skoða og ganga vel um þær.
- Ritmálið er gert sýnilegt á deildinni t.d. með merkingum/skráningum, , nafni barnanna, heiti dýra, hugtökum s.s. um liti og á formum, Lubbaþlakötum o.m.fl.
- Unnið er markvisst með námsefnið „Lubbi finnur málbein“ á deildinni.
- Markvissar söngstundir eru 2 x á dag a.m.k. og flæðir um starfið.
- Niðurstöður úr Hljóm-2 (á Grænu)

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Rík áhersla er lögð á mál og læsi á Grænu deildinni eins og í leikskólanum í heild. Samveru- og söngstundir eru tvisvar á dag auk lestrarstunda. Í samverustundum er farið yfir daginn þar sem lögð er áhersla á málörvun, umræðu og að börnin fái að tjá sig og hlusta á aðra.

Unnið er markvisst með námsefnið *Lubbi finnur málbein* í öllum leikskólanum þar sem unnið er með mállhjód vikunnar á margvíslegan hátt. Þau skoða stafinn, læra tákni hans, mállhjód og söng. Lesin er saga sem tilheyrir hverju mállhjóði og ferðast Lubbi vítt og breytt um landið í leit að málbeinum. Á Grænu deildinni er Íslandskort þar sem börnin fylgjast með hvar Lubbi er staddur hverju sinni. Í vetur þurftum við að endurskoða Lubbastundirnar með elstu börnunum þar sem mörg barnanna voru orðin læs eða komin langt á veg í lestri og þurftu meiri áskoranir í vinnunni með Lubba. Því var ákveðið að fá börnin í elsta hóp með í endurmat á vinnu með námsefnið. Þau óskuðu eftir að fá að skrifa sjálf orð fyrir Lubba og fara meira í leiki í tengslum við efnið. Einnig voru bækur teknar inn í Lubbastund sem börnin nýttu til að leita að orðum fyrir Lubba og skrifa.

Vinnan með Lubba hélst að mestu óbreytt í yngri hóp en Lubbastundir voru brotnar upp með leikjum og voru Lubbakassarnir notaðir mikið.

Eins og fram hefur komið hér að ofan, í samantekt yngri deildanna, fór verkefnið *Lestrarsprettur með Lubba* fram í marslok. Bæði foreldrar og börn tóku vel í þetta verkefni og gaman að segja frá því að mörg börnin á Grænu lásu sjálf bækur heima og skrifuðu á málbeinin. Það þykir okkur gefa skýr vísbendingu um árangurinn af þeirri miklu læsisvinnu sem fram fer í gegnum allan leikskólann.

Í vetur var mikill skriftaráhugi hjá börnunum og var það fært inn í allar aðstæður bæði úti og inni. Börnin hafa ávalt greiðan aðgang að blöðum og skriffærum og fengu að taka það með t.d. í kubbaleik, heimiliskrók, ljósastöð, samverustund og útiveru.

Skipulagðar lestrarstundir eru að lokinni síðdegishressingu en gripið er í lestur reglulega yfir daginn. Börnin hafa greiðan aðgang að bókum og vinsælt er að fá svo kallaðar *sparibækur* sem eru fræðibækur að ýmsu tagi. Á deildinni er nokkuð úrval af léttlestrarbókum sem sum börnin voru farin að lesa sjálf og voru þau stundum farin að vera með litlar lestrarstundir fyrir vini sína. Valinn er bókavörður á hverjum degi fyrir bæði eldri og yngri hóp sem hefur það hlutverk að hjálpa börnunum að ganga vel frá bókunum, þetta er gert til að kenna þeim að umgangast bækur fallega og af virðingu. Þegar lesið er fyrir börnin er lagt upp með að skoða þau orð í textanum sem þau skilja ekki og eru þau hvött til að spyrja út í textann/orðin.

Frásagnarbók er verkefni sem hefur verið á Grænu deildinni undanfarin ár. Börnin fara heim með bók sem þau lesa með foreldrum sínum. Þau koma svo með bókina og segja frá henni í leikskólanum í litlu hóp. Þetta er góð æfing fyrir börnin að æfa frásögn fyrir framan aðra. Í lok stundar teikna börnin mynd úr sögunni.

Í söngstundum er lagt upp úr því að kryfja textana og skoða þau orð við skiljum ekki, þetta eykur orðaforða barnanna og skapar gleði og ánægju sem fylgir því að vita um hvað þau eru að syngja. Við gerum einnig mikið af því að ræða og teikna texta. Nokkuð var um að börnin fengu lánaðar söngbækur til að skrifa sjálf niður texta af lögum sem þeim þóttu skemmtileg.

Í Regnboganum er markvisst unnið með hljóðkerfisvitund barnanna alveg frá Gulu deildin (yngstu) sú vinna smá eykst og verður flóknara eftir aldri og getu barnanna. Öll börnin í elsta árgangi komu út með meðal- eða góða færni í Hljóm-2.

Stærðfræði fléttast inn í allt starf deildarinnar eins og t.d. kubba og leikritavinnu. Á deildinni er stærðfræðiborð þar sem er ýmis efniviður sem hvetur til leiks með tölur og form. Rætt var í endurmati að tölustafir mættu vera meira sýnilegir víðar á deildinni.

Starfið á elstu deildinni sem við nefnum vísdomsstarf fer fram í *vísdomsstundum*. Í þeim stundum fá börnin í fyrsta sinn vinnubók með tilbúnum verkefnum sem kennarar hafa útbúið. Þar er að finna ýmis verkefni sem efla mál- og lesþroska, skriftarfærni sem og stærðfræðilega hugsun og býr börnin þannig enn frekar undir næsta skólastig. Börnin hljóða stafina, æfa sig að ríma, gera vísur og sögur svo nokkuð sé nefnt. Þá má nefna ýmis teikniverkefni, skriftarþjálfun, stærðfræðiverkefni, tengiverkefni, börnin teikna sjálfsmynd og mynd af fjölskyldunni. Elstu börnin (5-6 ára) eru í vísdomsstundum allan veturinn en yngri hópurinn á Grænu (4-5 ára) byrjar eftir áramót.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Viðmið um gæði:

- *Umhverfi og efniviður barnanna hvetur til könnunar, fjölbreyttra leikja og uppgötvana í daglegu starfi, innivið jafn sem úti, í náttúru og umhverfi.*
- *Börnum eru sköpuð rík tækifæri til uppgötvana og til að vera skapandi í leik og starfi.*
- *Áhugasvið barnanna skal ráða för í vali á verkefnum eftir því sem kostur er.*
- *Listsköpun er á forsendum barnanna.*
- *Áhersla í sköpun er á ferlið sjálft en ekki útkomu þess.*
- *Kennarar og starfsfólk skal vera börnunum góðar fyrirmyndir og sýna fallega framkomu.*
- *Sjá má og finna að virðing ríkir fyrir börnum og samstarfsfólki.*

Niðurstöður mats/stutt samantekt deildarstjóra:

Á Grænu deildinni er lögð áhersla á að hafa umhverfið skipulagt og snyrtilegt þannig að allur efniviður sé sýnilegur og aðgengilegur. Börnin taka þátt í að halda deildinni snyrtilegri í samvinnu við starfsfólk. Mikilvægt er að endurnýja merkingar á körfum til að auðvelda tiltekt og flokkun á efnivið.

Gefinn er góður tími fyrir frjálsan leik og er ólíkum efnivið blandað saman eftir áhuga barnanna. Börnunum fannst sérstaklega skemmtilegt að bæta ýmsum efnivið við einingakubbana t.d blöðum og skriffærum, dúkkum, mat, dýrum, slæðum og fleiru. Þannig skapaðist meiri fjölbreytni í leiknum og sköpunargáfa barna fékk að njóta sín.

Í vetur var mikill áhugi fyrir á því að klippa og líma og því lagt upp úr því að hafa efnivið nægan og fjölbreyttan. Þessi áhugi þróaðist svo út í hugmyndir um endurvinnslu og börnin unnu markviss listaverk upp úr endurvinnslupokum. Farið var í umræðu um að fara vel með og nýta vel efnivið eins og pappír sem er dýrmætur því hann er búinn til úr trjám og við viljum vernda trén.

Í stöðvavinnu á Grænu deildinni velja börnin ýmist úr fyrirfram ákveðnum stöðvum eða koma sjálf með hugmyndir að efnivið til að vinna með. Börnin fá aukið sjálfstæði eftir aldri og getu og í ár var gerð breyting á stöðvavinnu elstu barnanna. Það var ákveðið að hafa enn meira flæði og opið milli stöðva, börnin fengu þannig aukið val og stjórn á hvað þau vildu gera og hvar þau vildu vera. Engin takmörk voru á fjölda barna á hverri stöð og var þeim frjálst að vera eins lengi á hverri stöð eins og þau vildu og máttu skipta á milli án þess þó að fara stöðugt á milli. Þau þurftu að stoppa aðeins við á þeirri stöð sem þau völdu sér áður en þau fóru á þá næstu. Það sem kom á óvart með þessari breytingu var að það skapaðist meiri ró í stöðvum, börnin stoppuðu almennt lengur á hverri stöð og voru minna að biðja um að fá að skipta yfir á aðra stöð.

Hefð er í skólanum fyrir því elstu börnin upp leikrit þar sem þau hafa samið efnið sjálf, gert leikmynd, útbúið leikhúsmiða og allt sem til þarf fyrir góða sýningu. Um er að ræða samþætt verkefni sem verður til í stöðvavinnu og kemur inn á alla námsþætti leikskóla. Verkefnið krefst mikillar samvinnu og þælinga áður en hafist er handa um að skrifa söguna sem verður að leikriti. Mikil málörvun og læsisvinna á sér stað í þessu skapandi ferli sem tekur nokkrar vikur á mismunandi stöðvum. Á listastöð búa börnin t.d. til leikmyndina sem þá hefur verið rædd fram og til baka, teikna hugmyndir sínar á A4 blöð og stækka svo eins mikið og þurfa þykir. Tónlist fléttast iðulega inn í leikritið og að þessu sinni var það tónlist úr verkefni Barnamenningarhátíð Reykjavíkur sem varð fyrir valinu. Textarnir úr því verkefni höfðu einnig áhrif á framvindu sögunnar í leikritinu. Að lokum bjóða börnin svo öðrum börnum og starfsfólki skólans á sýningu sem tekin er upp og sýnd á opnu húsi fyrir foreldra og gesti. Börnin fá svo upptökuna með námsbókinni sinni heim í lok skólaárs.



Mikil áhersla er lögð á útiveru og fara börnin að öllu jöfnu tvisvar út á dag. Reglulega er farið í gönguferðir um nágrenni leikskólans og þá gjarnan í Elliðaárdalinn. Lagt er upp úr að börnin verði læs á umhverfið, læri hugtök úr náttúrunni eins og veðrabrigði, lífríki og staðarhætti. Við kennum börnunum að vera landverðir og hvað það er mikilvægt að virða og vernda náttúruna. Því fara börnin oft í gönguferðir í þeim tilgangi að týna upp rusl (plokka). Í vetur var gjarnan farið með málningu út og snjórinn var málaður með vatnslitum og mátti þá sjá litríka snjókarla og snjóhús í garði leikskólans. Snjór var einnig færður inn á deild og börnin máluðu hann vaski og á blaði. Þau fylgdust með snjónum bráðna á blaðinu og breytast í listaverk. Á sumrin eykst útivera og við færum starfið meira út og setjum upp stöðvar í garðinum. Sem dæmi má nefna tásustöð á hólnum, listastöð, sápukúlustöð, heimiliskrókur, kubbastöð, ævintýraferð í Elliðaárdal með nesti og margt fleira.

Umbótaáætlun fyrir leikskólann í heild er að finn á bls. 28

Kristbjörg Ingimundardóttir og Fjóla Huld Sigurðardóttir

deildastjórar Grænu deildar

Innra mat og matsáætlun

Innra mat leikskólans:

- Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna

Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegri umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók, fyrir hvert skólaár, frá leikskólaárum. Námsbækurnar eru mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar og skapi þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir bæði foreldrum og fleirum frá. Stefnum að því að halda áfram á sömu braut.



TRAS

Við notum TRAS skráningalista um málþroska ungra barna til að fylgjast með framvindu í þroska barnanna. TRAS er faglegt matstæki til að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna og skipuleggja snemmtæka íhlutun. Yfirsýn fæst um það hvaða þættir eru að þroskast á þeim tímapunkti sem skráningin fer fram. Skráningin nýtist vel í foreldraviðtölum og í samstarfi við sérfræðinga þegar ástæða er til s.s. talmeinafræðinga og sálfræðinga.

Hljóm II.

Könnun á hljóðkerfisvitund 5 ára barna. Skimun er gerð að hausti og veturinn er svo notaður til að vinna sérstaklega með það sem uppá kann að vanta hjá einstaka barni í hljóðkerfisvitund þess. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í upphafi skólaárs og fá foreldrar niðurstöðurnar afhentar. Jafnframt sendum við þeim grunnskóla sem barnið mun sækja niðurstöður Hljóms II.

APES

Við notum AEPS lista þegar við á sem er matstæki á færniþáttum sem börn þurfa að kunna til að takast á við daglegt líf. Markmiðið með listanum er að kortleggja sem best færni barns í samstarfi við foreldra og skipuleggja betur þjálfun barna. APES listinn hefur verið notaður með börnum sem þarfnast aukinnar þjálfunar og gefur hann góða mynd

af styrkleikum og veikleikum barnsins. Listinn er hugsaður sem einstaklingsmiðað matstæki þar sem verið er að bera barnið saman við sjálf sig en ekki við önnur börn. Út frá niðurstöðum APES listans er sett upp einstaklingsmiðuð áætlun í samstarfi við foreldra þar sem sett fram markmið um árangur hjá viðkomandi barni.

Mat 4 og 6 ára barna á skólastarfi.

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Hvað gerir leikskólastjórinn

Spurningar og teikningar um hvað Leikskólastjóri geri eru einnig gerðar að sumarlagi þegar börnin eru komin í víkingasveitina og örlítil fjarlægð komin á snerti fletina. Skólastjórinn hefur í þessu mati fengið mikilvæg skilaboð sem vert er að bæta en líka óendanlega hjartfólgin og gleðileg. Þetta mat sjá bara kennarar og skólastjóri.

Viðhorfskönnun starfsfólks.

- 1) Nafnlaus matslisti** sem lagður er fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausu könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun. Þessum matslista er hægt að svara í tölvutæku formi eða skriflega og setja í lokaðan kassa sem liggur frammi í 5 daga.
- 2) Starfsviðtal.** Hér er rætt um líðan og áhuga í starfi og fólk hvatt til að setja sér markmið varðandi sí- og endurmenntun og koma með ábendingar þar um.
- 3) Sameiginleg endurmat.** Matið fer fram á deildar- og starfsmannfundum. Deildastjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram koma og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræðu um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm.
- 4) Endurmat stjórnenda:** Fer fram reglulega yfir árið á deildarstjórafundum þar sem staðan er tekið á þeim verkefnum sem eru í gangi hverju sinni. Í maí var haldin endurmatsfundur þar sem teknar voru saman niðurstöður frá ofan töldum matsþáttum og gerð matsáætlun fyrir næsta skólaár.

Matsáætlun/umbætur

Mat barnanna

Niðurstöður út mati barnanna gefa almennt þá mynd að börnin séu í góðu jafnvægi, frjálsgleg og líði vel í skólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskurinn sem er vinsælastur hjá börnunum, helst soðinn fiskur með kartöflum og feiti eða plockfiskur.

Eins nefnt var hér að ofan kom í ljós að börnin, sérstaklega 4 ára, áttuðu sig oft ekki á hugtakinu stöðvavinna og því þurfum við að vanda okkur við að nota hugtakið í samtali við börnin.

Viðhorfskönnun starfsfólks, sameiginlegt endurmat og endurmat stjórnenda.

Það kom glögglega fram í viðhorfskönnun að starfsmenn leggja sig fram við að tileinka sér áherslur Regnbogans og líta starfið faglegum og metnaðarfullum augum. Það er gaman að sjá hvað starfsmenn hafa almennt lært mikið í starfinu og sýn þeirra á börn oft á tíðum önnur en hún var í upphafi starfs. Áherslur leikskólans í starfi skína vel í svörum starfsmanna.

Starfsánægja: Halda áfram að stuðla að og efla það jákvæða og góða andrúmsloft sem ríkir í skólanum. Í vetur héldum við okkur við hápunkta í hefðum eins og þemapartý að hausti, árshátíð, sumargrill og litlar uppkomur á vinnutíma. Það var kallað eftir því í könnunni að fá fleiri skipulagða hittinga utan vinnutíma og verður það sett í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Valdagur í húsi: Það kom fram í starfsmannakönnuninni að starfsfólk hefðu gaman af því að fá stundum að flæða milli deilda í húsinu og fá þannig meiri innsýn í starf hinna deildanna og meiri tengingu milli starfsmanna í húsinu. Á endurmatsfundi stjórnenda var rætt að við mætum gera betur þegar kemur að því að tengja börnin sem verða eftir á Gulu við börn í sama árgangi á Rauðu deildinni. Við ætlum að reyna sameina þessa tvo þætti næsta vetur og þróa valdaga í húsinu. Markmið með slíkum valdögum er tvíþætt:

1. Gera börnum í sama árgangi en á sitthvorri deild (Gulu-Rauðu) tækifæri til að kynnst innan árgangsins. Einnig að gefa börnunum fleiri tækifæri til að umgangast sér eldri og yngri börn og fá þannig tækifæri til að þjálfa samskipti og félagsfærni á breiðari grundvelli.
2. Koma til móts við óskir starfsmanna um meiri tengingu milli deilda og kynnst starfi á öðrum deildum betur.

Félagsfærni: Við leggjum ríka áherslu að kenna börnunum í leikskólanum góð samskipti, bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nýtt starfsár hefst alltaf með þema um vináttu, en það er eina fyrir fram ákveðna þemað. Við leggjum mikið upp úr því að skapa börnunum styðjandi og hvetjandi umhverfi sem styður persónu þroska hvers barns. Að börnin læri að réttur eins nái bara að rétti þess næsta og við erum öll mikilvæg, hvert fyrir sig og öll saman sem leikskólasystkin og vinir. Þróunarverkefni næsta vetur verður að dýpka okkur enn frekar í vinnu með félagsfærni, tilfinningar og vináttu og stefnum við að því að prufukeyra vináttu verkefni Barnaheilla í leikskólanum.



Umhverfisvernd: Næsta haust viljum við stíga skrefinu lengra og halda áfram að leggja okkar af mörkum til umhverfisverndar. Við munum áfram kenna bæði börnum og starfslíði skólans að *Virða - Vernda - Njóta* náttúrunnar. Í Regnboganum tölum við um að við erum öll *Landverðir* og verðum að passa vel uppá náttúruna okkar. Það gerum við m.a. með því að vera börnunum góðar fyrirmyndir. Með því að kenna börnunum að henda ekki rusli hvarf sem er og með því að tína upp rusl sem verður á vegi okkar. Það eru líka farnar sérstakar hreinsunarferðir úti náttúruna og hreinsað til í umhverfinu og stundum er það sem kom í pokann rannsakað og rætt. Við vitum að lengi býr að fyrstu gerð.

Nú þegar erum við að flokka plast, pappír, mjólkurfurnur o.fl. og förum með í þar til gerða gáma. Næsta haust stefnum við að því að draga enn frekar eða eins og kostur er úr plastnotkun í skólanum.

Ytra mat leikskólans

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins var gerð nú á vordögum. Góð þátttaka var í könnuninni og var svarhlutfall 76.2%.

Í niðurstöðum er reiknuð einkunn fyrir hvern þátt á bilinu 1 til 5, hærrí einkunn er alltaf jákvæðari niðurstaða. Heildaránægja með leikskólann var 4.92 af 5 mögulegum. Flestir þeirra sem tóku þátt telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum (4,85) og sé öruggt (4,85). Meirihluti svarenda telja að leikskólanum sé vel stjórnað eða 4,91. Eins og sjá má eru helstu niðurstöður könnunarinnar afar jákvæðar fyrir leikskólann og mörg ákaflega falleg og hlý orð skrifuð til okkar. Það gefur starfsfólki skólans byr undir báða vængi að halda áfram metnaðarfullu og faglegu starfi!

Umbætur

Í vetur settu deildirnar sér markmið að setja fréttir frá daglegu lífi leikskólans inn á heimasíðu deildanna á 1-2. vikna fresti. Það gekk ágætlega og höldum við áfram með það markmið næsta

vetur. Skólastjóri setur fréttir á forsiðu heimasíðunnar og sendir auk þess fréttabréf út til foreldra ca. 4-5x á ári.

Í foreldrakönnun kom fram að nokkrum foreldrum barna sem fluttu milli deilda fannst vanta meira upplýsingaflæði þegar börnin fluttust yfir á nýja deild. Við erum nokkuð sammála að gera megi betur hvað þennan þátt varðar og erum að skoða leiðir til þess. Markmiðið er að foreldrar viti við hverju megi búast þegar börnin flytjast á milli deilda, kynnist starfsfólki deildarinnar og þeim áherslum í starfi sem eru ólíkar frá yngri deildinni.



Leiðarljós Regnbogans:

Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Lykilþættir í starfi eru: 1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi 2) Mál- og lesþroski 3) Skapandi starf í anda Reggii-stefnummar

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2019-2020

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Ytra mat						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagfærni/vinátta	Halda áfram að vinna samkvæmt áherslum okkar um tilfinningalega styðjandi umhverfi. Taka inn og byrja að vinna með vináttu verkefni Barnaheilla	Áherslur Regnbogans í starfi Námskeið á vegum Barnaheilla á fyrsta skipulagsdag skólaársins um notkun á vináttuefni Barnaheilla.	Skólaárið 2019-20	Skólastjóri Deildarstjórar Starfsmenn	Á deildafundum og deildarstjórafundum reglulega yfir árið	Að börn eigi jákvæð og samskipti og góð félagsleg tengsl. Að þau læri samkennd, virðingu og umburðarlyndi og færni til að leysa úr ágreining.
Umhverfisvernd	Draga eins mikið og hægt er úr plastnotkun í leikskólanum.	Hættum að nota skóhlýfar og plastpoka undir teikninga, óhrein fót ofl. Bleiufötur á yngri deildarnar, Höldum áfram að flokka plast og pappu.	Skólaárið 2019-20	Allir starfsmenn	Á fundum reglulega yfir árið.	Plastnotkun í húsinu er í lámarki.
Upplýsingaflæði til foreldra	Efla upplýsingaflæði til foreldra þegar börn flytjast milli deilda	Markvissari upplýsingar þar sem kynnt er nánar við hverju megi búast þegar börn flytjast á milli deilda og hvaða áherslur deildarinnar sem eru ólíkar frá yngri deild.	Maí	Skólastjóri Deildarstjórar	Mat foreldra	Foreldrar eru vel upplýstir við hverju má búast þegar börnin flytja á milli deilda, þekki starfsfólk með nafni og helstu þætti sem eru ólíkir á nýrri deild.
Upplýsingaflæði frh.	Foreldrar fái fréttir af daglegu lífi deildanna í leikskólanum	*Deildar setji fréttir á fréttasíðu sína á ca. 1-2 vikna fresti. Sendi líka í tölvupósti. *Skólastjóri setji alm. fréttir á heimasíðu og haldi áfram að senda út fréttabréf ca. 4-5x á ári.	Skólaárið 2019-20	Deildarstjórar	Á deildarstjórafundi.	Foreldrakönnun
Stöðvavinna	Börnin þekki hugtakið stöðvavinna	Starfsfólki noti hugtakið þegar verið er að undirbúa stöðvar að morgni	Sept.-maí	Allir starfsmenn	April Mat barnanna á skólastarfi	Börnin skilja þegar spurt er hvað þau gera í stöðvavinnu
Valdagur í húsi	Auka flæði í húsinu	1x í mánuði fái börnin að velja sér stöðvar um allt hús.	Okt.-apríl	Binna og Björg	Deildarfundum reglulega yfir árið	Starfsmannakönnun

Starfsánægja	Efla enn meir það góða andrúmsloft sem ríkir í húsinu	Reglulegir viðburðir/hittingur innan sem utan vinnutíma	Sept.-maí	Skemmtinefnd í samstarfi v. skólastjóra	Starfsmannakönnun	
	Tónlistarstarf	Efla markvisst tónlistarstarf í húsinu þar sem áherslan er á að nýta þann fjölbreytta efnivið sem til er í húsinu og kynna fyrir börnum og starfsfólki.	Kennari í 30% stöðu tónlistarstjóra skipuleggur og heldur utan um tónlistarstundir 1x í viku á hverri deild.	Skólaárið 2019-20	Sérkennslustjóri ásamt stuðningi deildarstjóra og starfsmanna	Deilar- og deildarstjórafundum reglulega yfir árið.

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn:

Fjöldi barna ár starfsárinu 2018-19 voru 37 stelpur og 37 strákar. Leikskólinn er einsetinn og því einungis boðið uppá heilsdagspláss en opið er frá 7:35 - 16:30. Flest barnanna nýta 8 - 8,5 klst. pláss daglega. Á síðasta ári voru þrjú börn sem nutu formlegs stuðnings. En stuðning veitum við öðrum börnum eftir þörf hverju sinni s.s. málörvun, hreyfipjálfun og pjálfun í félagsfærni. Í skólanum voru eitt tvítýngt barn og eitt fjöltyngt.

Foreldrasamvinna:

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan að leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi nýs starfsárs og er þá kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hverrar deildar er kynnt í máli og myndum og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til viðtöl eða samband með netpósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 11 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsfærð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum 1-2x ár ári. Á síðasta skólaári fengu þau Atla Viðar Bragason sálfræðing með fyrirlestur um PMTO foreldrafærni.

Samstarf leik- og grunnskóla:

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna í Ártúnsskóla munu skólaheimsóknir hefjast

seinna en vaninn er en áætlun þess efnis liggur ekki fyrir að svo stöddu. Við gerum þó ráð fyrir að fyrirkomulagið verði svipað en þjappast á skemmri tíma. (Áætlun síðasta árs fylgir með)

Samstarf við Tónskóla Sigursveins:

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboginum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Þemað að þessu sinni var: *Lífið er heimsins besta gotteri*. Tónlistin sem um er að ræða hverju sinni er tekin uppá disk, börnin hlusta og læra tónana, síðan

textana og tengja svo allt vel saman. Börnin eru afar dugleg að æfa sig og söngur þeirra ómar í leikskólanum meðan á æfingum stendur og heima líka. Að æfingum loknum komu börnin síðan fram í Eldborgarsal Hörpu og syngja með *Þjóðkór leikskólabarna* á setningardegi Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur sem var 9. apríl s.l. Stjórnandi samstarfs og söngs er Elfa Lilja Gísladóttir og erum við afar þakklát fyrir einstakt tækifæri fyrir börnin til að kynnst tónverkum, fyrir krefjandi æfingar og það ævintýri sem þau fá með tækifæri til að syngja í Hörpu. Það gleymist eflaust seint.



Tónlistar- og dansnámskeið

Á hverju starfsári Regnbogans er boðið upp á 2 mánaða tónlistarnámskeið að hausti og dansnámskeið í janúar/febrúar. Í ár sá Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir höfundur og stofnandi Tónagulls um tónlistarkennsluna. Íris Ósk Einarsdóttir danskennari sá um danskennsluna eins og undanfarin ár. Öll börn leikskólans taka þátt í námskeiðunum, líka þau yngstu.



Víkingar – sumardeild 6 ára barnanna:

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna og hefur þann tilgang að elstu börnin fá bæði rými og starf að lokinni leikskólaútskrift við hæfi barna sem senn hefja grunnskólagöngu sína. Áhersla okkar er á: *Gleði og kröftuga útvíst í fjölbreyttum vettvangsferðum undir handleiðslu valinna starfsmanna.* Nafn sveitarinnar var í upphafi valið með hugtakið *Að leggjast í víking* í huga sem merkir að fara víða, skoða, nema og forframast. Í sumar fór sveitin á sundnámskeið, í listasöfn, vettvangsferðir og í gönguferð uppí hlíðar Esjunnar, heimsókn í Björnslund, í Húsdýragarðinn, heimsótti Landhelgisgæslunnar, slökkviliðs- og lögreglustöðina, Sjóminjasafnið, Hvalasafnið, Rauða krossinn, Össur, Náttúrufræðistofu Kópavogs og fóru út í Viðey og uppá Úlfarsfellið svo sitt hvað sé nefnt.



Víkingasveitin á góðri stundu eftir göngu upp á Úlfarsfell

Skipulagsdagar og símenntun

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum og aldrei er lokað vegna þeirra.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2019-20 var haldinn 21. september n.k. Á dagskrá var:

- 1) Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók.
- 2) Fræðsla og námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu verkefnið.



Skipulagsdagar eru haldnir um það bil annan hvern mánuð og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísí Stoorgard sér um 8. febrúar 2020. Við munum áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra. Með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Sjá lista hér á eftir.

Símenntun frá síðasta ári:

- Allir leiðbeinendur fá þjálfun og fræðslu í starfi í anda Reggíó sem veitt er af kennurum og Regnbogans og utanaðkomandi fræðsla.
- Sabína Steinunn Halldórsdóttir íþróttá- og heilsufræðingur og höfundur Færni til framtíðar koma til okkar með námskeið á skiplagsdag í september um örvun og hreyfiproska barna auk þess sem hún fór með okkur í útikennslu á leiksvæðinu.
- *Slysavarnir barna* /árlegt námskeið sem hver starfsmaður sækir 2. hv. ár.
- Elísa Guðnadóttir sálfræðingur kom með námskeið á skipulagsdegi í janúar um hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir til að bæta hegðun og líðan barna.
- Ráðstefna Samtaka sjálfstæðra skóla *Líður öllum vel?* 1. mars,
- Ráðstefna á vegum leikskólans Rauðhóls *Flæði – hugarátsand í leik og starfi*
- TRAS námskeið um skráningarlista á mati á málþroska ungra barna 1. kennari
- Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins – skólastjóri og sérkennslustjóri
- Teech námskeið (skipulögð kennsla) á greiningarstöðinni - sérkennslustjóri
- Lubbi í leikskólastarfi, námskeið í höndum Eyrúnar Ísfoldar talmeinafræðings – 2 starfsmenn
- Leikskólinn – gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin – 1 starfsmaður
- Ráðstefna á vegum RannUng, *Leikskólastarf í nútíma samfélagi – hver ákveður hvað er börnunum fyrir bestu?* 2 kennari og skólastjóri
- Fræðslu- og umræðufundur um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030 – skólastjóri
- Viðverustefna námskeið hjá Þekkingarmiðlun og stjórnun fyrir nýja stjórnendur námskeið hjá endurmenntun HÍ - skólastjóri

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum:

- Námskeið á vegum Barnaheilla um vináttu, verkefni fyrir bæði 0-3 ára og 3-6 ára
- Endur- og símenntun í Reggíó-fræðum og uppeldisfræðilegum skráningum í nóvember
- Áfram stefnt að því að 2 kennarar fari til Reggíó Emilía á vikunámskeið á skólaárinu.
- Herdís Storgaard verður með námskeið um slysavarnir barna, í febrúar 2020.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir



Lokaorð:



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Ekki er um meiriháttar stefnubreytingar í starfi að ræða milli ára. Starfsemi Regnbogans er í nokkuð föstum skorðum hvað varðar hugmyndafræði og sýn á barnið. Við vonumst til að áherslur okkar á tilfinningalega styðjandi umhverfi, mikilvægi gæða í samskiptum, læsistefnan og sýn okkar á barnið sé vel sýnileg í þessari samantekt.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík september 2019

Fanneý Guðmundsdóttir

leikskólastjóri

Fylgiskjöl:

- Samantekt um sérkennslu og stuðning
- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf við Ártúnsskóla 2018-19
- Leikskóladagatal

Samantekt um sérkennslu og stuðning

Regnboginn vinnur eftir Lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Lögð er áhersla á vinnu í anda Reggio Emilia, mál og læsi, tilfinningalega styðjandi umhverfi og snemmtækri íhlutun.

Á síðasta starfsári voru þrjú börn með skilgreindan stuðning í leikskólanum, eitt í 1. flokki og tvö í 2. flokki. Sérkennslustjóri sá um að halda utan um og skipuleggja þjálfun þeirra barna í samvinnu við aðra sérfræðinga sem komu að málum hvers barns. Lagt er upp úr að mæta þörfum barna innan barnahópsins, inni á deild og að allir kennarar taki þátt í námi barnanna. Ef þörf þykir er unnið með börn í minni hópum eða í einstaklingsþjálfun. Stuðningsaðili sem er leikskólakennari sá að mestu um þjálfun barns í 1. flokki ásamt öðru starfsfólki deildar. Leiðbeinandi (önnur menntun) með mikla reynslu í starfi hjá okkur sá að mestu um þjálfun barnanna í 2. flokki ásamt öðru starfsfólki deildar.

Unnið er að einstaklingsþjálfun barna með þroskafrávik í samvinnu við foreldra og sérfræðinga utan leikskólans eftir þörfum hvers barns. Haldnir eru teymisfundir með foreldrum og sérfræðingum á 6-8 vikna fresti til að halda utan um þjálfun barnanna, stilla saman strengi og samhæfa.

Ef grunur vaknar um þroskafrávik barns er leitað til sérfræðinga þjónustumiðstöðvar í samvinnu við foreldra barnsins. Lagðir eru fyrir matlistar og skimanir til að meta stuðningsþörf barns og skipuleggja þjálfun í leikskólanum. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og að barnið fái þá aðstoð sem það þarf í leikskólanum.

Málörvun er á ábyrgð deildastjóra deilda og er TRAS listinn notaður til að skipuleggja þá þjálfun. Ef grunur leikur á um málörðugleika er leitað álits talmeinafræðings hjá þjónustumiðstöð og óskað eftir málþroskamati og ráðgjöf.

Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurfa á aukinni þjálfun að halda í leikskólanum. AEPS færnilisti er notaður til að búa til einstaklingsnámskrá og er hún unnin í samvinnu við foreldra barns, deildastjóra á deild barnsins, auk annarra sérfræðinga utan leikskólans þegar það á við. Einstaklingsnámskrá og markmið eru endurskoðuð á sex mánaða fresti og oftast ef þörf þykir.

Sérkennslustjóri býður upp á ráðgjöf fyrir foreldra og starfsmenn leikskólans. Hann kemur inn á deildarfundi með fræðslu og vinnur að einstaka málum í samvinnu við foreldra, deildastjóra og starfsmenn deilda.

Á síðasta starfsári fór sérkennslustjóri á námskeið í Skipulagðri kennslu (Teach) og Myndrænum boðskipakerfi (Pecs) auk þess að fara á ráðstefnu á vegum Greiningarstöðvar. Haldnir eru reglulegir fræðslufundir sérkennslustjóra í leikskólum Árbæjar og Grafarholts ásamt sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingi og hegðunarráðgjafa í Þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts.

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	9	Mest þessir 9 en allir starfsmenn koma að sérkennslu barna á einn eða annan hátt.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: Greiningarstöð, sjúkra- og iðjuþjálfar í Æfingastöðinni og talmeinafræðingar barna sem eru í talþjálfun utan leikskóla.

Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Þættir til úrbóta:

Ekki hefur verið gerð skrifleg áætlun vegna barna með annað mál en íslensku. Móttaka og þjálfun tví- eða margtyngdra barna hefur verið unnin jafnóðum og skipulögð eftir þörfum hvers barns. Stefnt er að því að gera marvissa áætlun til að auðvelda starfsfólki móttöku barna með fleiri en eitt tungumál. Sérkennslustjóri mun sjá um gerð áætlunar.

Ákveðið hefur verið að skoða efni Barnaheilla um vináttu sem er forvarnarefni gegn einelti þar sem unnið er með vináttu og félagsfærni. Haldið verður námskeið um efnið á starfsdegi í september.

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastafs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2018-19 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2019-20.

Skýrslan lýsir mjög vel því fjölbreytta og öflugra starfi sem fer fram í leikskólanum. Áherslurnar innan deildanna koma vel til skila og sérstaklega varðandi málþroska barnanna. Maður tekur eftir skýrum málhljóðum og góðum framburði í kjölfar mikillar vinnu í kringum söng, hljóðæfingar og lesturs með Lubba í fararbroddi.

Leikskólanum helst vel á starfsfólki sem miðlar námsefninu til barnanna af fagmennsku og alúð. Starfsfólkið í ár var fjölbreytt, aldurshópurinn var dreifður og fleiri karlkynskennarar eins og skýrslan greinir frá. Það er ánægjulegt að börnin hafi fjölbreyttar fyrirmyndir og leiðbeinendur. Það eykur víðsýni og umburðarlyndi þeirra þegar fram í sækir. Skólaumhverfi barnanna er hvetjandi og áberandi er að börnin eru í góðu jafnvægi til að meðtaka viðfangsefnin, þau fá tækifæri til að spreyta sig og þroskast af reynslunni.

Mikið er lagt upp úr útiveru hjá börnunum og aðstaða innan skólalóðarinnar og nærumhverfi er einstaklega góð til að efla hreyfingu og tengingu við náttúruna. Skólinn sjálfur er vel hannaður að utan til að skýla fyrir norðan og austan áttum, en einnig að innan þar sem inngangur er í miðjunni og flæði/aðgengi truflar lítið daglegt starf inn á deildum.

Einnig erum við foreldrarnir afar þakklát fyrir metnaðinn sem lagður er í fæðið í leikskólanum. Máltíðarnar eru unnar á staðnum úr næringarríku hráefni og börnin njóta matarins saman í matsal. Matsalurinn nýtist svo einnig vel fyrir ýmsar samkomur, skipulagða danskennslu og leikrit eða fyrirlestra fyrir starfsfólk og foreldra.

Upplýsingaflæði frá leikskólanum er hæfilegt og aðgengi að starfsfólki er þrjúdílegt. Varðandi upplýsingaflæði, þá langar mig einnig að nefna, atvikið á skólaárinu þegar barn fór út af leikskólanum án fylgdar að þá brást leikskólinn rétt við. Upplýsingagjöf varðandi atburðinn var heiðarleg, tilkynnt var um atburðinn til viðeigandi aðila og endurbótum, lagfæringum og verkferlum var vel fylgt á eftir. Mistök geta átt sér stað, en viðbrögð Regnbogans voru góð.

Fanney skólustjóri þekkir skólamenninguna, Reggio stefnuna og starf skólans afar vel. Við í foreldraráðinu vinnum vel með nýjum skólustjóra og finnum að hún hefur vaxið vel í starfið og berum fullt traust til hennar í þessari nýju stöðu innan skólans. Hún er jákvæð, drífandi og með mikinn metnað fyrir skólustarfinu - sem nýst hefur afar vel í krefjandi málum á skólaárinu. Skólustjórinn hefur sterkt bakland þekkingar hjá Lovísu og saman ásamt góðu teymi vinna þau vel að sínum markmiðum af kostgæfni og fagmennsku.

Þar sem börnin í dag þroskast enn hraðar á nútíma tækniskeiði, miðað við áratugina á undan, þá eru gildi Regnbogans í anda Reggio stefnunnar gríðarlega gott veganesti. Sömuleiðis eru gildi leikskólans virðing, gleði og umhyggja er vel framfylgt og kemur skýrt fram í samskiptum og viðmóti starfsfólks við börnin, foreldra og aðstandendur, svo eftir sé tekið.

Eftir að hafa fylgt mínu barni í gegnum þennan hluta skólakerfis á Íslandi, þá finnst mér eins og beinþýðing á enska orðinu „pre-school“ eða for-skóli eigi betur við heldur en leikskóli, svo mikil eru gæðin.

Fyrir hönd foreldráðs

Kristinn Kristinsson

formaður



Foreldra- og skólaráð

Starfsárið 2019-2020

17. starfsárið

Gula:

Rakel Ósk Reynisdóttir / *Alex myrkvi*
Hraunbæ 126, 110 Reykjavík
h.s. 445-1546 / gsm. 772-7473 / Netfang: rakelreynis85@gmail.com

Gjaldkeri:

Hallur Heiðar Jónsson / *Anna Ástdís*
Naustabryggja 4, 110 Reykjavík
Gsm 862-1026 / netfang: hallurheidar@hotmail.com

Rósa Dögg / *Halldór Jökull*
Hraunbæ 148, 110 Reykjavík
Gsm: 770-0581 / netfang: omarsdottir86@gmail.com

Rauða:

Ólafía Björk Ívarsdóttir / *Karítas Alba*
Búland 7, 108 Reykjavík
h.s. 490-0321 / gsm 698-1237 / Netfang: olla@raggaoz.com

Formaður

Svandís Helga Halldórsdóttir / *Birkir*
Laxakvísl 13, 110 Reykjavík
h.s. 588-6554 / gsm 867-8346 / Netfang: svandishh@gmail.com

Margrét Bjarney Flosadóttir / *Breki*
Lindargötu 33, 101 Reykjavík
gsm 616-2340 7 / Netfang: bjarney92@gmail.com

Græna

Soffía Grímsdóttir / *Steinar Goði*
Dísarási 17, 110 Reykjavík
h.s. 517-9810 / gsm. 867-1503 / Netfang: soffiasg@bhs.is

Inga Lára Karlsdóttir / *Eiður*
Bleikjukvísl 8, 110 Reykjavík
h.s. 581-4205 / gsm. 663-4755 / Netfang: inga.lara.karlsdottir@gmail.com

Aðalheiður Rán Þrastardóttir / *Erik Stefán*
Sílakvísl 13, 110 Reykjavík
h.s. 534-8734 7 gsm. 691-5252 / Netfang: adalheidur.ran@gmail.com

Ritari

Elsa Kristjánsdóttir / *Emelía Dís, Emil Kári*
Ljósavík 32, 112 Reykjavík
h.s. 445-5897 / gsm. 863-0330 / Netfang: elsakr@gmail.com

Ástrós Hera Guðfinnsdóttir / *Kristófer Jökull*
Eyjabakki 26, 09 Reykjavík
gsm 691-2930 / netfang: astroshera@gmail.com

Eva Rún Ingimundardóttir / *Lára Inga*
Árkvörn 2b, 110 Reykjavík
h.s. 588-9949 / gsm. 865-6188 / Netfang: brimklo@gmail.com

Regnboginn:

Fanney Guðmundsdóttir, skólastjóri
Brúnás 10, 110 Reykjavík
gsm. 696-081 / Netfang: regnbogi@regnbogi.is

Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2018-2019

Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og æfa sig þar að lesa fyrir yngri börn.

Í vísdomshópi Regnbogans eru 12 börn í vetur f. árið 2013

Á skólaárinu 2018-2019 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdomshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félagi), á þriðjudegi **6. og 13. nóvember** (6 börn í senn, þetta árið eru börnin 12). **Gestirnir koma kl. 9:15**, syngja með nemendum, borða nesti og fara út í frímínútur.
- Vísdomshópur Regnbogans kemur á **Föstudagssamveru 2. bekkjar 22. nóvember kl. 8:25**.
- Nemendur úr **4. BJ** í Ártúnsskóla koma 2 x í heimsókn og lesa fyrir leikskólabörnin. Fyrri heimsókn **þriðjudaginn 22. janúar kl. 10:30** og seinni hópuinn **þriðjudaginn 29. Janúar**.
- Hópurinn mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn Ártúnsskóla, miðvikudagana 13. og 20. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).

Íþróttahús - heimsóknir

Vísdomshópur getur fengið aðgang að **íþróttahúsi** Ártúnsskóla í vetur á **þriðjudögum kl. 13:35 -14:15**.

Skilafundur:

Skilafundur verði 1 x á ári undir lok skólaárs (gott að fastsetja snemma). Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum.

Regnboginn skili þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur verði fimmtudaginn 9. maí eða í Regnboganum, eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti í september 2018

Ellen Gísladóttir, aðstoðarskólalastjóri Ártúnsskóla
Fanney Guðmundsdóttir, leikskólalastjóri Regnbogans

Þema eða viðfangsefni hvorrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2019-2020

September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Máí	Júní	Júlí	Agúst
1	1	1	1 Fullveldisd. Íslands	1 Nýársdagur	1	1.	1	1. Dagur verkalíðsins	1 Annar í hvítasunnu	1	1
2	2 Fore. og skólar.	2		2	2	2	2 Blár dagur	2	2	2	2
3	3	3	3	3 Danskennsla	3	3 Regnboginn 17 ára	3	3	3	3	3 Frid.verslunarm.
4	4	4	4	4	4	4	4	4.	4	4	4
5	5	5	5	5	5	5	5	5 5 Pálmásunnudagur	5	5	5
6	6	6	6 Jólaleikrit 9:15	6 Prettándinn	6	6 Duo stemma 9:30	6	6	6	6	6
7	7	7	7 +raudur dagur	7	7 Danskennsla	7	7	7	7 Sjómannadagurinn	7	7
8	8	8 Jól í skó	8	8	8 Slysav.námsk	8	8	8	8	8	8
9	9	9	9	9	9	9	9	9 Skírdagur	9 Sveitaferð 10:30-12:30	9	9
10	10	10.	10	10 Danskennsla	10	10	10	10 Föstud.langi	10	10	10
11	11 Bleikurd.	11	11	11	11	11	11	11	11	11	11
12	12.	12	12	12	12	12	12	12 Páskadagur	12	12.	12
13	13	13	13 Litlu jólin	13	13	13	13	13 Annar í páskum	13	13 Sumarleyfi hefst	13 Nýtt skólaár
14.	14	14	14 +foreldrakaffi	14	14 Danskennsla	14	14	14 Útskriftarferð	14	14	14
15	15	15 dagur ísl.tungu+	15	15	15	15	15	15	15	15	15
16 D. ísl. náttúru	16	16 Skipulagsdagur	16	16	16	16	16	16	16	16	16
17	17	17	17	17 Danskennsla	17	17	17	17	17 Lýðveldisdagurinn	17 "	17
18 Fore.fundur	18	18	18	18	18	18	18. Opið hús	18	18	18 "	18
19.	19	19	19	19	19	19	19.	19	19	19 "	19
20	20	20	20	20	20	20	20	20 útskrift	20	20 "	20
21 Skipulagsdagur	21	21	21	21	21 Dans+konud.kaffi	21 Skipulagsdagur	21 Barnamenningarh.	21 Uppstigningadagur	21	21	21
22	22	22	22	22	22	22	22.	22 Víkingasveit byrjar	22	22	22
23	23	23	23 Porláksmessa	23	23 Konudagur	23	23 Sumard.fyrsti	23	23	23 Sumarleyfi	23
24 Fore.fundur	24	24	24 Aðfangadagur	24 Dans + bóndad.	24 Bolludagur	24	24 Gulur Dagur	24	24	24	24
25 Fore.fundur	25 Bangsa og náttf.d.	25	25 Jóladaur	25 Skipulagsdagur	25 Sprengidagur	25	25	25.	25	25	25
26.	26 Fyrsti vetrardagur	26	26 Annar í jölum	26	26 Öskudagur	26	26	26.	26	26 "	26
27 Haustlitadagur	27 Bangsadagurinn	27.	27	27	27	27	27	27	27	27 "	27
28.	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28
29	29	29	29	29	29	29	29	29 Grænn dagur	29	29	29
30	27	30	30	30		30	30	30	30	30 Sumarleyfi	30
	31		31 Gamlársdagur	31 Danskennsla		31		31 Hvítasunnudagur		31	31
Vínátta		Kærleikur		Hjálpsemi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálftæðir skólar) ráðstefnu- og námskeiðsdagar í mars

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og febr., kennari verður Íris Ósk Einarsdóttir í Félagi danskennara.

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt fólk**

Gildi Regnbogans eru: **Virðing - Gleði - Umhyggja**

Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!